Laugardaginn 29 ~~júní~~ maí 1954 var aðalfundur hestamannafélagsins "Glaður" haldinn að Nesodda mættir voru 14 félagar. 1. Formaður setti fundinn og las upp fundargjörð frá síðasta aðalfundi.

2. Rætt um graðhest félagsins, og Ágúst í Kirkjuskógi falið að sjá um hann meðan hann er á húsi og gjöf. en Kristjáni á Oddsstöðum falið að sjá um hann í girðingunni í vor. 3. Rætt um hvort halda skyldi Kappreiðar í vor, og var það samþykkt að sleppa því að þessu sinni. Aftur á móti ákvað fundurinn að félagið haldi árshátíð 4 júlí 1954 og stjórninni falið að útvega skemmtikrafta.

4 þessum mönnum falið að sjá um veitingar á skemmtuninni Albert á Erpsstöðum Friðjóni Bæ og Ágúst í Kirkjuskógi.

5 þessum falið að sjá um girðingarnar Bræðrum Nesodda Ragnari Hundadal Guðmundi Gilsbakka Guðmundi Kolsstöðum og Jóni Hundadal. 6. Kosnir til að

selja merki að skemtuninni Pálmi Snóksdal Jón Ólafsson Hjörtur Hundadal Óskar Svínhóli. 7. Kosnir til að sjá um dansinn Kristján Oddsstöðum Gunnar Jósefsson Magnús Hrafnabjörgum og Finnur Hrafnabjörgum.
8. Kosnir til að sjá um hestana í girðingunni Karl á Svínahóli og Guðbjörn Hamri. 9. Kosnir til að selja merki að dansinum Baldvin Svarfholi og ~~B~~ Jónas Svalbarði. 10 Kosnir endur-skoðendur Pálmi Snóksdal, og Friðfinnur Bæ. 11. Stjórn félagsins endurkosin.
Upplesið samþykkt. Fundi slitið.
Jón Sumarliðason
Gísli Þorsteinsson Baldvin Þórarinsson